

UMBOÐ

til skuldbinandi undirskriftar ábyrgðaryfirlýsingar á tollskýrslu og gjaldfærslu á aðflutningsgjöldum

- Jónar Transport hf., kt. 440189-1219 (JT) er með starfsleyfi Fjármálaráðuneytisins til tollmiðlunar skv. ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.
- JT veitir þjónustu í tengslum við tollafgreiðslu.
- Umbjóðandi veitir JT fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir hans hönd gagnvart tollyfirvöldum.
- Umbjóðandi veitir JT fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar skuldbindandi ábyrgðaryfirlýsingar á tollskýrslu fyrir hans hönd.
- JT er heimilt að skuldfæra aðflutningsgjöld á umbjóðanda skv. umboði þessu sbr. ákvæði 2. mgr. 127 gr. tollalaga.
- Umbjóðandi ábyrgist gagnvart JT að hann hafi gilt leyfi tollyfirvalda til greiðslufrests, á hverjum tíma, og skuldbindur sig til að tilkynna JT allar breytingar sem kunna að verða þar að lútandi, meðan umboðið varir.
- Umbjóðanda ber að tilkynna JT tafarlaust ef um vanskil er/verður að ræða á aðflutningsgjöldum af hans hálfu og/eða ef tollyfirvöld hefa afturkallað leyfi og/eða synjað um leyfi til tollafgreiðslu og/eða heimild til greiðslufrests aðflutningsgjalda er/verður felld úr gildi og/eða lækkuð.
- Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á umbjóðanda sbr. ákv. tollalaga.
- Tollafgreiðsla byggist á upplýsingum/gögnum frá umbjóðanda sem ábyrgist gagnvart JT að upplýsingar/gögn séu rétt og uppfylli skilyrði tollalaga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi.
- Umbjóðandi ábyrgist gagnvart JT að halda JT skaðlausu af öllum kröfum sem kann að verða beint gagnvart JT vegna tollafgreiðslu fyrir umbjóðanda, þ.m.t. þeirri ábyrgð sem kann að falla á JT vegna rangrar tollflokunar og ábyrgðar á grundvelli 33. gr. tollalaga.
- Umbjóðandi ber skylda til þess að yfirfara tollafgreiðslu innan 5 daga frá móttöku tollafgreiðslu og tilkynna JT ef einhverjar athugasemdir eru, innan sömu tímamarka. Að öðrum kosti verður litið svo á að umbjóðandi sé samþykkur tollafgreiðslu JT.
- Greiði JT og/eða ábyrgist kröfur vegna aðflutningsgjalda umbjóðanda og/eða dráttavexti, skal JT eiga endurkröfu, sem því nemur, ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum og innheimtukostnaði.
- Um alla þjónustu JT gilda almennir þjónustuskilmálar félagsins. Þá gilda Tollmiðlusnarskilmálar JT fyrir þá þjónustu sem JT tekur að sér sem tollmiðlari fyrir viðskiptamann. Með undirritun á umboð þetta samþykkir umbjóðandi framangreinda skilmála og staðfestir að hafa kynnt sér efni þeirra.
- Umboðið tekur gildi við undirskrift og gildir í eitt (1) ár. Hafi því ekki verið sagt up fyrir þann tíma endurnýjast það sjálfkrafa til eins (1) árs í senn. Umboðið er uppsegjanlegt af hálfu beggja aðila með 30 daga fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti og tekur hún gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn fer fram.

| | | |
|---|--------------|-------------------------------------|
| 1. Umbjóðandi | 2. Kennitala | 3. Dagsetning |
| Prókúruhafi ef um fyrirtæki er að ræða (vinsamlegast notið bókstafi): | | |
| 4. Aðsetur | Sími | 5. Lögheimili (ef annað en aðsetur) |

() **Almennt umboð**

() **Umboð vegna eftirfarandi vörusendinga (sendingarnúmer):**

() **Umbjóðandi hefur gilt leyfi tollyfirvalda til SMT- og VEF-tollafgreiðslu.**

() **Umbjóðandi hefur hvorki leyfi til SMT tollmeðferðar né hefur hann fengið greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.**

() **Umbjóðandi hefur heimild tollyfirvalda til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.**

Undirskrift f.h.: